

Viðtakandi (skattstjóri)

Tilkynning til VSK-skrár vegna:

Nýskráningar	Breytingar á fyrri upplýsingum	Rekstrarloka
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## A Almennar upplýsingar

Nafn rekstraraðila	Kennitala rekstraraðila	Lögheimilissveitarfélag
Heimili rekstraraðila	Póstnúmer og pósthólf	Pósthólfsnúmer og pósthólf
Starfsstaður	Sveitarfélag starfsstaðar	Sími á starfsstað

## B Rekstrarform

Einstaklingsfyrirtæki (einkarekstur)	Sameignarfélag sem ekki er sjálfstæður skattaðili	Sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili	Hlutfélag
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Einkahlutfélag	Samvinnufélag	Félagasamtök	Annað, hvað?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## C Gengur fyrirtækið undir öðru nafni en hinn formlegi rekstraraðili?

Hvaða nafni/höfnúmer? (Getið um kennitölu ef um hana er að ræða)

## D Útfillist ef óskað er tímabundinnar skráningar

Rekstur hefst	Rekstri lýkur
---------------	---------------

## E Starfsemi

Hver er aðalvinnugrein fyrirtækisins?
Önnur starfsemi
Hverjar eru helstu tegundir virðisaukaskattsskyldrar vöru, vinnu eða þjónustu sem fyrirtækið selur eða innir af hendi?
Er aðallega unnið fyrir einn eða fáa?
<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti

Ef já – Skila þarf eyðublaðinu „Könnun á starfssambandi RSK 10.31“.

## F Nýtt eða endurvakið fyrirtæki – rekstraráætlun

Nýtt fyrirtæki	Rekstur hefst	Athugasemdir		
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>			
Rekstur hefur legið niðri	Upphaflegur rekstur hófst	Rekstrarhlé hófst	Rekstur hefst á ný	Fyrri starfsemi
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hvenær er áætlað að fyrstu tekjurnar verði af skattskyldri sölu?	Áætlaðar tekjur af skattskyldri sölu á fyrstu 12 mán. starfseminnar	Áætlaður kostnaður við uppbyggingu á fyrstu 12 mán. starfseminnar	Fjárhæðir færast án VSK.	

## G Er um að ræða yfirtöku á annarri starfsemi?

Er starfsemi annars fyrirtækis yfirtekin að hluta eða í heild, sbr. 4. mgr. 12. gr. VSK-laga?	Ef já – Seljanda er óheimilt að útskatta sölu fyrirtækisins eða hluta þess og kaupandi getur því ekki innskattað þau kaup.		
<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei			
Útfillist ef svar að ofan er jákvætt.	Dags. yfirtöku	Kennitala yfirtekins fyrirtækis	Nafn yfirtekins fyrirtækis
Eru vörubirgðir yfirteknar?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Verðmæti birgða	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Eru vélar eða aðrir rekstrarfjármunir yfirteknir?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Verðmæti annarra rekstrarfjármuna en birgða	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Er fasteign/ir yfirtekin/nar?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Hvaða fasteign/ir?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

ATH – Minnt er á eyðublaði RSK 5.02 og 5.11 vegna launagreiðendaskrár staðgreiðslu.

## H Fyllist út af þeim sem óska eftir að gögn verði send til annars aðila (berist til)

Kennitala b/t-aðila	Nafn b/t-aðila
Heimili b/t-aðila	Póstnúmer og pósthöð b/t-aðila

## I Hverjir eru eigendur og stjórnendur fyrirtækisins?

		Eigandi	Stjórnar- formaður	Stjórnar- maður	Forstjóri/ framkvæstjóri	Prókúrhafi
Kennitala	Nafn					

## J Upplýsingar um tekjuskráningu

Sjóðvélar	Fyrirfram númeraðir reikningar	Fyrirfram númeraðir giróseðlar	Innlegg afurða (afreikningur frá vinnslustöð)	Annað hvað?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## K Rekstri er lokið

Rekstri er lokið (afskráning)	Rekstri á hluta fyrirtækis er lokið, hvaða hluta?	Rekstri/rekstrarþætti lauk	
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		
<b>Við afskráningu á að útskatta rekstrarfjármuni og leiðréttu innskatt af fasteignum. Við yfirtöku er þó óheimilt að útskatta sölu fyrirtækisins eða hluta þess, heldur á þá að leiðréttu innskatt af fasteignum og rekstrarfjármunum. Ath. ekki þarf að leiðréttu innskatt ef kaupandi yfirtekur kvöð um leiðréttingu innskatts.</b>			
Var starfsemi fyrirtækisins yfirtekin af öðru fyrirtæki að hluta eða í heild, sbr. 4. mgr. 12. gr. VSK-laga? Ef já látið samning fylgja	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>	Var kvöð yfirtekin? Ef já látið kvöðina fylgja	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
Átti fyrirtækið fasteign/ir. Ef já – hvaða?	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>	Var kvöð vegna fasteigna/r yfirtekin? Ef já – látið kvöð fylgja	Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
Verðmæti birgða		Verðmæti annarra rekstrarfjármuna en birgða	

## L Athugasemdir rekstraraðila


## M Upplýsingar vegna launagreiðendaskrár staðgreiðslu

Hefur eyðublaði RSK 5.02 (og eftir atvikum 5.11) verið skilað eða fylgir það/bau hjáltagt?
<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

## Undirskrift

Undirritaður staðfestir að framangreindar upplýsingar eru gefnar eftir bestu vitund og að þær eru í fullu samræmi við fyrirbyggjandi gögn	
.....	.....
Dagsetning	Undirskrift

**ATH – Bent er á að komi í ljós síðar að aðili hafi gefið rangar upplýsingar varðandi skráningu á VSK-skrá getur það leitt til endurákvörðunar skatta frá upphafi skráningarinnar auk refsingar.**

## Athugasemdir skattstjóra

--

**ATH – Minnt er á leiðbeiningar um VSK (RSK 11.19), Handbók um VSK og námskeið fyrir nýja aðila á VSK-skrá.**

# Leiðbeiningar

Skattskyldur aðili skal tilkynna virðisaukaskattsskylda starfsemi sína til skráningar á VSK-skrá hjá skattstjóra **eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst**. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, þ.m.t. lok rekstrar, skal tilkynna **eigi síðar en átta dögum eftir að breyting átti sér stað**.

## Staflíður A

Vinsamlega athugið að skattskil einstaklingsfyrirtækis eru ávallt í nafni eiganda þess, þ.e. eigandinn er sjálfur rekstraraðilinn þótt fyrirtækið sé skráð hjá Hagstofu Íslands með sérstaka kennitölu. Athugið einnig að í reitnum „Starfsstaður“ á að tilgreina raunverulegan aðalstarfsstað fyrirtækisins.

## Staflíður B

Merkið við þann reit sem við á. Ef merkt er við reitinn „Annað“ skal tilgreina rekstrarform.

## Staflíður C

Gangi rekstur undir öðru nafni eða nöfnum en nafni sjálfs rekstraraðilans skal tilgreina það nafn eða þau nöfn hér. Þetta getur til dæmis átt við skráð firma einstaklingsfyrirtækis. Þetta getur einnig átt við í öðrum tilvikum og má sem dæmi nefna rekstraraðilann Viðgerðir hf. sem rekur tvö verkstæði sem ganga undir nöfnunum Felgan og Pústið. Nafn rekstraraðilans (Viðgerðir hf.) færast í staflíðu A en nöfn rekstrareininganna (Felgan og Pústið) færast hér.

## Staflíður D

Aðili, sem tímabundið hefur með höndum skattskylda starfsemi, getur fengið heimild skattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tíma sem starfsemin varir. Tímabundin skráning getur skemmst verið ein vika og lengst tveir mánuðir.

## Staflíður E

Veita skal nákvæmar upplýsingar um virðisaukaskattsskylda starfsemi fyrirtækisins og, ef um það er að ræða, starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Á sama hátt skal til-

greina hvaða virðisaukaskattsskylda vöru, vinnu eða þjónustu fyrirtækið selur eða innir af hendi. Sé unnið fyrir einn eða fáa aðila þarf að gefa ítarlegar upplýsingar um starfssambandið til staðfestingar á því að um sjálfstæða starfsemi sé að ræða. Útfylla þarf sérstakt eyðublað vegna þessa (RSK 10.31).

## Staflíður F

Hér er greint á milli þess hvort tilkynnt er um starfsemi nýstofnaðs fyrirtækis eða eldra fyrirtækis sem ekki hefur verið í rekstri um nokkurt skeið.

Í þessum staflíðu á einnig að gera nákvæma grein fyrir rekstrarhorfum fyrirtækisins. Tilgreina skal hvenær búast má við að tekjur verði af hinni skattskyldu starfsemi (strax, á næstu mánuðum, eftir 12 mánuði eða síðar). Einnig skal áætla tekjur og gjöld af skattskyldu starfseminni á fyrstu 12 mánuðunum. Í þessu sambandi skal bent á að **eigi skal skrá aðila á VSK-skrá ef virðisauki er neikvæður, þ.e. ef samanlagðar tekjur af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng**.

Sé virðisauki neikvæður vegna þess að langan tíma tekur að byggja upp starfsemina, sbr. t.d. álver eða málmleitarfyrirtæki, getur aðili þó átt rétt á skráningu skv. II. kafla reglugerðar nr. 515/1996. Sjá umfjöllun undir staflíðu L.

## Staflíður G

Ekki má leggja virðisaukaskatt á sölu yfirtekens fyrirtækis/fyrirtækishluta, þ.e. á eignayfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess ef nýi eigandinn hefur með höndum skattskyldan rekstur, sbr. 4. mgr. 12. gr. VSK-laga.

## Stafliður H

Hér er gefinn kostur á því að fá skýrslur og önnur gögn, er varða virðisaukaskatt, send á annað heimilisfang en það sem fyrirtækið er skráð á í þjóðskrá.

## Stafliður I

Ef um rekstur einstaklingsfyrirtækis er að ræða, þarf ekki að tilgreina neitt undir þessum staflið. Ef um sameignarfélag er að ræða, skal tilgreina kennitölu og nöfn allra eigenda félagsins, hvort sem félagið er sjálfstæður skattaðili eða ekki. Þá skal tilgreina kennitölu og nöfn stjórnenda þess fyrirtækis sem tilkynningin varðar, hvort sem um er að ræða sameignarfélag, hlutafélag, einka-hlutafélag, samvinnufélag, félagasamtök eða eitthvert annað rekstrarform. Einnig skal merkja við hvaða stöðu og ábyrgð hver einstakur stjórnandi hefur.

## Stafliður J

Hér skal tilgreina með hvaða hætti skráning sölu fer fram.

## Stafliður K

Þennan staflið skal útfylla ef rekstri er lokið. Greint er á milli þess hvort rekstri er lokið að fullu eða hvort tilteknum þætti starfseminnar er lokið. Við afskráningu skal skila virðisaukaskatti af vörubirgðum, vélum, tækjum og öðrum rekstrar-fjármunum. Þó má ekki leggja virðisaukaskatt á sölu yfirtekens fyrirtækis/fyrirtækishluta, sbr. um-fjöllun undir staflið G.

Verði við lok starfseminnar breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts af varanlegum rekstrar-fjármunum skal aðili leiðrétt innskatt í sam-ræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993. Al-gengustu dæmin um þetta varða fasteignir og

yfirtekin fyrirtæki/fyrirtækishluta. Seljandi þarf þó ekki að leiðrétt innskatt í þessum tilvikum ef kaupandi yfirtekur kvöð um leiðréttingu innskatts skv. 15. gr. reglugerðar nr. 192/1993.

## Stafliður L

Hér getur rekstraraðili tilgreint athugasemdir sínar, ef einhverjar eru. Til dæmis skal taka hér fram ef tilkynning varðar ekki venjulega (al-menna) skráningu á VSK-skrá, heldur annars konar skráningu, t.d. frjálsa eða sérstaka. Þá skal einnig láta aðrar nauðsynlegar upplýsingar og gögn fylgja.

## Stafliður M

Undir þessum staflið er óskað upplýsinga um það hvort tilkynningarskyldu vegna launagreið-endaskrár staðgreiðslu hafi verið sinnt.

Skylda til að tilkynna sig til launagreiðendaskrár staðgreiðslu nær til þeirra sem inna af hendi launagreiðslur og þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna eigin atvinnurekstrar án til-lits til þess hvort þeir greiða öðrum laun eða ekki. Tilkynningu skal skila til skattstjóra eða rík-isskattstjóra innan átta daga frá því að fyrsta launagreiðsla var innt af hendi. Þegar launagreið-andi sem er á launagreiðendaskrá staðgreiðslu hættir launagreiðslum eða eigin atvinnurekstri skal hann innan átta daga senda skattstjóra eða ríkisskattstjóra tilkynningu þess efnis. Sjá eyðu-blöð RSK 5.02 og 5.11.

Bent skal á þeir sem hafa með höndum vöru-gjaldsskylda starfsemi þurfa á að tilkynna um það til skattstjórans í Reykjavík (RSK 11.11). Einnig eru þeir sem eru skilaskyldir vegna stað-greiðslu skatts af fjármagnstekjum minntir á að tilkynna um það til ríkisskattstjóra (RSK 5.30).

Nánari upplýsingar veita ríkisskattstjóri í síma 563-1207 og skattstjórar um land allt.